Jón Pálsson

# HANDRIT

Tónlist og hljómlistarmál

XV. BINDI

Jón Pálsson,

fyrrv. bankagjaldkeri.

# H A N D R I T

XV. bindi.

Tónlist og hljómlistarmál.

# E F N I S Y F I R L I T

1. Ágrip af sögu tónlistarinnar.

   Erindi flutt á fundi"Good-templara". Ekki getið um í hvaða stúku erindið var flutt né hvenær.

   9 blöð qto.

2. Andans menn.

   Grein eftir séra Halldór Jónsson prest að Reynivöllum í Kjós. Úr Sunnudagsblaði Vísis. Fjallar um lagið víst ert þú Jesú kongur klár og þátt þeirra Jóns Pálssonar og Páls Ísólfssonar að bjarga því frá gleymsku.

3. Erindi dr. Hallgríms Helgasonar um íslenzk þjóðlög.

   1 blað qto.

4. Erindi flutt við vígslu orgelsins í Stokkseyrarkirkju, 28.júní 1942.

   9 blöð qto. + 1 blað.
   Reykjavík, 27.júní 1942.

5. "Fuglinn í fjörunni"

   Sérprentun úr Dýraverndaranum 1937, XXIII.árg. 4.tbl. bls.27. Samanber athugasemd Jóns Pálssonar bls. 26.
   Lag þetta, sem mun vera danskt þjóðlag, fékk Jón Pálsson bróðurson sinn dr. Pál Ísólfsson til að raddsetja. Notaði Jón lagið síðan á fundum Fuglavinafélagsins "Fönix", sem söng það í útvarpið 1937 á þriggja ára afmæli félagsins. Loks birtist lagið í Dýraverndaranum, eins og að framan greinir.

6. Gjafabréf Jóns Pálssonar til Tónlistarfélagsins um Pedal-orgel-harmonium, sem hann gefur til notkunar handa nemendum þeim, er nám stunda hjá dr.Páli Ísólfssyni og til minningar um bræður sína Bjarna og Ísólf Pálssyni.

   1. Gjafabréfið
   2. Reikningur fyrir orgelið frá Elíasi Bjarnasyni.
   3. Lýsing á orgelinu.

   Orgel þetta keypti Jón Pálsson hingað til lands árið 1904 og endurkeypti það árið 1941, eins og reikningurinn ber með sér.

7. Háttheldi og húslestrar.

   8 blöð qto. + 1 blað viðauki. Ritað 29.mai 1944.

8. Johan Sebastian Bach.
10 blöð qto.

9. Kvæðið "Sumargleði" eftir Brynjólf Jónsson frá Minna-Núpi. Ort árið 1891 fyrir söngfélagið "Bára" á Eyrarbakka.
Ýmsar uppskriftir kvæðisins á 6 sundurlausum blöðum.
Uppskrift að lagi, sem sennilega á við framannefnt kvæði.

10. Lagboðar með rithönd Bjarna Pálssonar frá Götu, bróður Jóns Pálssonar.
4 blöð oct.

11. Lagboðar í sálmabókinni frá 1886 og við hvaða sálma-númer þeir eru.
8 blöð qto. Vélrituð.

12. Ljómur.
Uppskrift af lagi með hendi Jóns Pálssonar. Sber Biskupasögur II.bindi (Bmf.) bls.522.
Með fylgir miði með hendi Steindórs Björnssonar frá Gröf.

13. Ludwig van Beethoven.
Ágrip af ævisögu hans.
10 blöð qto.

14. Ludwig van Beethoven. Ágrip af ævisögu hans.
Fyrirlestur fluttur á fundi Odd-fellow reglunnar.
14 1/2 bls. qto. + 2 1/2 blað qto. + 1 miði.

15. Ludwig van Beethoven. Ágrip af ævisögu hans.
62 bls. qto.

16. Nokkrar athugasemdir og viðaukar við grein Þorsteins Konráðssonar fræðimanns frá Eyjólfsstöðum í Vatnsdal: "Söngbókmenntir og hljóðfæri Íslendinga á 19.öld." "Tónlistin". Tímarit félags íslenzkra tónlistarmanna, 1.árg. 1942, 2.hefti, bls. 19-21. Ennfremur leiðréttingar við"Bréfabálk" í sama hefti bls. 37-38, merktum "Nesjakarl".
2 blöð qto. + miði. Reykjavík, 3.ágúst 1942.
1 blað qto. Reykjavík, 1.ágúst 1942.

17. Nokkur bréf frá Einari M.Jónassyni, Elliheimilinu í Reykjavík, til Jóns Pálssonar.
17 1/2 blað qto.

18. Nýtt orgel til Stokkseyrarkirkju.

6 bls. dags. 26., 27. og 28.júní 1942.

19. Nær ég stund míns andláts á. Lag eftir Guðmund Jónsson grá Austur-Meðalholtum, við texta eftir Brynjólf Jónsson frá Minna-Núpi.

Höfundur lags þessa, Guðmundur Jónsson frá Austur-Meðalholtum, var fæddur 27.júní 1867, en druknaði í Þorlákshöfn 24.febrúar 1887, tæpra 20 ára að aldri. Guðmundur var gáfaður vel og söngvinn. Athugasemd Jóns Pálssonar: "Lag þetta sýnir aðeins viðleitni en litla þekkingu, enda frumsmíð drengisns. Guðmundur var sonur Jóns Gíslasonar frá Austur-Meðalholtum í Gaulverjabæjarhreppi, móðurbróður Jóns Pálssonar. Hann fórst við Þorlákshöfn 24.febrúar 1887. Sjá Minningarrit um mannskaðann við Þorlákshöfn. Ennfremur: Jón Gíslason, erfiljóð, og Gísli Jónsson, Álafossi, er var bróðir hans.

2 blöð með hendi Jóns Pálssonar.

20. Orgel-harmonium í kirkjum austanfjalls, söngmenn og fleira.

6 blöð qto.

21. Orgelið í Strandarkirkju.

Prentað í Austantórum III. bls. 16-35. Reykjavík 1952.

25 blöð qto.

22. Orgelkaupin til Stokkseyrarkirkju árið 1876.

9 bls. fol.

# V I Ð B Æ T I R

Það sem hér fer á eftir, kom ekki í leitirnar fyrr en búið var að raða niður handritasafni Jóns Pálssonar og binda inn að mestu. Með því, að þetta bindi var ein af síðustu bókunum, sem tekin var til bókbands, var þessi viðbót látin koma hér. Röðin er þessvegna ekki rétt.

1. "Skapari stjarna, herra hreinn".
   Gamalt íslenzkt lag. Endurvalið
   af Jóni Pálssyni árið 1927.

   Hér er um lagið "Víst ert þú Jesú kongur klár"
   að ræða, og er það hér skráð með eigin hendi
   Jóns Pálssonar hinn 21.október 1936.

2. "Ég fel mig þinni föðurnáð, minn faðir elskulegi."

   Sálmur þessi er eftir séra Valdemar Briem, en
   lagið eftir "1925" þ.e. Jón Pálsson.

3. Ísólfur Pálsson. Fæddur 11.mars 1871.
   Dáinn 17.febrúar 1941.

   25 bls. qto. Handrit þetta hafði Ólafur B.Björnsson ritstjóri á Akranesi fengið hjá Jóni Pálssyni til birtingar í tímaritinu "Akranes". Lá það hjá honum unz ritgerð þessi birtist í 1.hefti tímaritsins, janúar-mars 1959. Sjá næst hér á eftir. Sendi Ólafur handritið síðan til Dr. Páls Ísólfssonar.

4. Íslenzk tónlist á þeim mikið að þakka.

   1. Jón Pálsson. Eftir Halldór Jónsson prest
      að Reynivöllum í Kjós.

      bls. 3-8.

   2. Ísólfur Pálksson, f. 11.marz 1871 - d.17.febrúar 1941.
      Eftir Jón Pálsson. Bls. 8-18. Sjá no.3 hér að framan.

   AKRANES, XVIII.árg. Janúar-marz 1959. 1.hefti bls.3-18.

5. Íslenzkir tónlistarmenn.
   Eftir Pál Halldórsson.

   14. Ísólfur Pálsson.

   ÆSKAN, XLII.árg. 10-11.tbl. bls.110-111.
   Reykjavík, október-nóvember 1941.

6. Jón Pálsson bankagjaldkeri.
   Eftir Sigurð Kristófer Pétursson.

   ÓÐINN, XVIII.árg.1922. 1-6.blað Janúar-júni. Bls. 40-45.